

6. fundur þriðjudaginn 12. nóvember 2019

Dagskrá:

1. Leiga orlofshúsa sumarið 2020.
Samþykkt að hafa sama framboð og sumarið 2019. Hækka verð íbúðanna í Rvk um kr 1.000.- (stöku nóttina).
Orlofsstyrkir verða 100 að upph. kr. 26.000.- og 25 útilegukort verða í boði.
2. Starfsmannamál.
Harpa Þorvaldsdóttir hefur sagt upp störfum og mun Eydís Bjarnadóttir taka við hennar starfi í innheimtu og kjaramálum. Helgi Sveinbjörn Jóhannsson hefur verið ráðinn í starf afgreiðslu- og fræðslufulltrúa.
Þá mun verða auglýst eftir atvinnulífstengli Virk sem mun verða starfsmaður FVSA en Virk greiðir kostnaðinn.
3. Dagatal/afmæli
Afmælisnefnd félagsins vegna 90 ára afmælis þess kom saman í dag og komu hugmyndir um að láta útbúa borðdagatöl til að dreifa í öll hús. Samþykkt af meirihluta stjórnar.
4. Styrkir sjúkrasjóðs 2020
Samþykkt að leggja til að þeir verði óbreyttir.
5. Jólaaðstoð
Samþykkt að veita 500.000.- kr í styrk til hjálparsamtaka í Eyjafirði.
6. Útgáfa fréttablaðs og skýrslu stjórnar.
Samþykkt að gefa formanni heimild að semja um útgáfu við útgáfuaðila.
7. Önnur mál
Anna María Elíasdóttir sagði frá formannafundi ASÍ 16. okt. s.l sem hún sótti.
Þá sagði Arnbjörg Jónsdóttir frá ferð sem hún fór á vegum ASÍ til Palestínu, sem var mjög áhugaverð. Mun hún segja betur frá ferðinni á næsta trúnaðaráðsfundi.
Halldór Óli Kjartansson benti á að kolefnisjafna ferðir eins og kostur er.